

**Skipulag þjónustu við fatlaða í Borgarbyggð  
eftir að sveitarfélagið tekur við verkefnum frá ríkinu**

-tillögur vinnuhóps-

Skipan vinnuhóps var ákveðin á fundið Byggðarráðs 16. september sl. Hópurinn er þannig skipaður:

Fulltrúar sveitarfélagsins: Friðrik Aspelund, formaður.

Hulda Hrönn Sigurðardóttir

Jóhannes Stefánsson

Fulltrúi Svæðisskrifstofu: Magnús Þorgrímsson

Fulltrúi Þroskahjálpar: Hannes Heiðarsson

Með hópnum starfar Hjördís Hjartardóttir félagsmálastjóri

Vinnuhópurinn hélt sinn fyrsta fund 4. október 2010. Fundir voru alls fimm á starfstíma vinnuhópsins. Við skoðum málaflokkinn sem heild og hvernig má samþætta hann þeirri starfsemi sem þegar er á vegum sveitarfélagsins.

*Á fund hópsins, til skrafs og ráðagerða mættu:*

Hulda Birgisdóttir, forstöðukona í búsetuþjónustu

Guðrún Kristjánsdóttir, forstöðukona skammtímavistunar

Helgi Guðmundsson, deildarstjóri í Fjöliðjunni

Ásgerður Ólafsdóttir, sérkennsluráðgjafi

Halldór Gunnarsson, félagsráðgjafi hjá Borgarbyggð

Sett er upp teikning af skipulagi starfseminnar, þar sem nokkrir hlutar eru skráðir sem afmarkaðar einingar. Það er einungis gert til útskýringa. Sumt af starfseminni færast óbreytt frá ríki til sveitarfélags. Teikningunni fylgir greinargerð til frekari útskýringa.

Hópurinn byggir tillögur sínar á eftirfarandi forsendum:

- ✓ Borgarbyggð mun leitast við að veita fötluðum íbúum jafn góða eða betri þjónustu og þeir hafa hingað til fengið.
- ✓ Þjónustu við fatlaða á að samhæfa núverandi velferðarþjónustu, þannig að allir sérfræðingar fjölskyldusviðs séu jafnt að þjónusta fatlaða sem ófatlaða á sínu sérfræðisviði.
- ✓ Vinnutími sérfræðinga Borgarbyggðar er nú þegar fullnýttur.
- ✓ Gengið er út frá því að skammtímavistun í Holti verði rekin af Borgarbyggð en Snæfellingar taki yfir rekstur skammtímavistunar á Gufuskálum.
- ✓ Ekki er tekin afstaða til rekstarforms Fjöliðjunnar í Borgarnesi en aðstæður reifaðar og lagðar fram tillögur að faglegum breytingum.

Þau skriflegu gögn sem við nýtum okkur eru einkum:

- ✓ Kynningarrit um starfsemi Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Vesturlandi (birt í september 2010)
- ✓ Samningur um sameiginlegt þjónustusvæði Vesturlands um þjónustu við fatlaða
- ✓ Ársskýrsla félagsþjónustu Borgarbyggðar 2009
- ✓ Upplýsingar um þjónstu Borgarbyggðar við einstaklinga með fötlun (tekið saman í mars 2010)
- ✓ Skýrsla ríkisendurskoðunar um þjónustu við fatlaða

Hópurinn telur að Borgarbyggð sé faglega vel í stakk búin til að taka þetta verkefni yfir. Það sem helst skortir í starfsmannahópin er þroskaþjálfari. Verkefnið mun hinsvegar koma til viðbótar við núverandi verkefni fjölskyldusviðs og þar sem við höfum ekki forsendur til að ætla annað en að starfsfólk þess sé fullnýtt er óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir að ráða þurfi í ný störf. Hópurinn leggur til að búin verði til 50% staða þroskaþjálfara sem sinni ráðgjöf við heimili og skóla. Til þjónustu við fatlaða er þörf á sálfræðingi sem svarar um 30 – 35% stöðugildi. Þessu til viðbótar má gera ráð fyrir að stjórnunarhluti starfs félagsmálastjóra stækki um 30% stöðugildi og jafnvel meira til að byrja með. Því þarf að láta aðra sinna störfum sem félagsmálastjóri hefur sinnt til þessa. Við leggjum því til að ráðinn verði sálfræðingur í 70% starf en hætt verði að kaupa sálfræðiþjónustu utan frá. Þetta er að okkar mati lágmark til að viðhalda góðri þjónustu, bæði við fatlað fólk og aðra. Óvíst er hvort tekjur vegna yfirtökunnar dekki allan kostnað við þetta.

Til viðbótar við aukið álag á fjölskyldusviði mun yfirtaka þjónustu við fatlaða auka vinnu á fjármála- og stjórnsýslusviði. Vegna hagræðingarkröfu ríkisins fylgir lítið fjármagn til að mæta þeirri aukningu. Hópurinn telur rétt að gert sé ráð fyrir að af þessu hljótist einhver kostnaður, en hefur ekki gert tilraun til að leggja mat á hversu mikill hann verður.

Samkvæmt samningi um þjónustusvæði fyrir fatlað fólk á Vesturlandi er ætlunin að ráða starfsmann í hlutastarf fyrir þjónustusvæðið allt. Við teljum landfræðileg rök hníga til þess að sá starfsmaður hafi aðsetur í Borgarnesi.

## Yfirlit yfir starfsfólk og vinnustaði

### Frá Svæðisskrifstofu

#### 1. Skammtíamavistun , þ.e. Holt og stuðningsfjölskyldur

Starfsfólk: Forstöðukona og 6 -7 starfsmenn.

Þarna skapast svigrúm til að bæta á verkefnum, þ.e. verkefnum fækkar við flutninginn.

#### 2. Búsetuþjónusta (frekari liðveisla) í íbúðunum við Brákarbraut og Skúlagötu

Starfsfólk: Forstöðukona og 9,6 stöðugildi.

Lagt til að starf forstöðumanns verði lækkað úr 100 % í 50 % í áföngum.

Á meðan núverandi forstöðukona gegnir þessu starfi mun hún jafnframt vinna sem iðjuþjálfari fyrir sveitarfélagið. Annars tekur forstöðumaður vaktir í 50 % starfi.

#### 3. Fjöliðjan og Hæfing

Starfsfólk: 4 starfsmenn í 3 stöðugildum. Lagt til það þeim verði fækkað í 2,3. Jafnframt verði ráðinn iðjuþjálfari til að auka faglega þjónustu á vinnustaðnum.

Það bætist við starf starfsmanna að sjá um örorkuv.samn. og AMS (atvinna með stuðningi).

### Frá Borgarbyggð

#### 4. Fjölskyldusvið í ráðhúsi

Starfsfólk: Sérkennsluráðgjafi (50 %), sálfræðingur (100 %), félagsmálastjóri (100 %), talmeinafræðingur (40 %), félagsráðgjafi (100 %).

Auka þarf við sálfræðiþjónustuna og ráða þroskaþjálfara í 50% starf.

Sömu starfsm. starfa við skólaþjónustu, félagsþjónustu og málefni fatlaðra

#### 5. Fjármála og stjórnsýslusvið í ráðhúsi

Fjármála- og stjórnsýslusvið:  
Starfsfólk: launafulltrúi , fjármálastjóri, símsvörun, bókarí.

Ekki er gerð tilraun til að meta hvort bregðast þurfi sérstaklega við auknu álagi á Fjármála- og stjórnsýslusviði.

## Greinargerð

### 1. Skammtíavistun – þ.e. Holt og stuðningsfjölskyldur

Lagt er til að starfsemi í Holti verði óbreytt. Akurnesingar hafa lýst yfir áhuga á að nýta sér þjónustuna áfram. Félagsþjónusta Snæfellsness mun taka yfir umsjón skammtíavistunar á Gufuskálum en mikilvægt er að áfram verði mikil samvinna á milli Gufuskála og Holts. Forstöðukona skammtíavistunar hefur jafnframt haft umsjón með stuðningsfjölskyldum um allt Vesturland og skammtíavistun á Gufuskálum. Við það að skammtíavistun á Gufuskálum flyst í umsjá félagsþjónustu Snæfellsness og stuðningsfjölskyldur til sveitarfélaganna mun hún einungis þjónusta stuðningsfjölskyldur í Borgarbyggð auk forstöðumenskunnar og álag á hana því minnka. Þar skapast svigrúm til að bæta á hana verkefnum. Forstöðukona er menntaður þroskaþjálfari og hefur töluverða reynslu. Lagt er til að kannaður sé sá möguleiki að hún taki að sér ráðgjafarstarf (40 – 50 %).

### 2. Búsetuþjónusta (frekari liðveisla) í íbúðunum við Brákarbraut og Skúlagötu

Starfsemi helst óbreytt. Við vonumst til að minnka megi starfshlufall forstöðukonu smám saman vegna þess að starfsemin er komin í fastar skorður. Hún er menntaður iðjuþjálfari, með mikla reynslu og þykir mjög fær í því starfi. Æskilegt er að nýta krafta hennar í öðrum verkefnum, þ.e. Fjöliðjunni og Hæfingu. Enginn iðjuþjálfari er starfandi við málaflokkinn í dag. Lagt er til að verði það ofan á að núverandi forstöðukona skipti alfarið um starf verði starf forstöðumanns/konu 50 % stjórnunarstarf og 50 % á vöktum í búsetuþjónustunni.

### 3. Fjöliðjan og Hæfing

Starfsemi helst óbreytt, en ákvæði eru um það í samningi um *Sameiginlegt þjónustusvæði Vesturlands um þjónustu við fatlaða* að þjónusturáð skuli gera tillögur um framtíðarfyrirkomulag reksturs Fjöliðjunnar á Akranesi og í Borgarnesi (grein 5.6).

Kostir þess að skilja á milli Fjöliðjunar á Akranesi og í Borgarnesi eru fyrst og fremst stjórnunarlegir. Boðleiðir verða styttri og auðveldara fyrir sveitarfélagið að stýra því hvernig þjónusta er veitt. Ókostirnir eru hinsvegar fjárhagslegir, ekki síst vegna þess að það kostar mikla vinnu að markaðssetja þjónustu Fjöliðjunnar.

Mjög mikilvægt er að efla og styrkja faglegt starf í Fjöliðjunni í Borgarnesi. Leggja þarf aukna áherslu á að útvega hverjum og einum vinnu við hæfi, hvort sem er innan veggja Fjöliðjunnar eða á hinum almenna vinnumarkaði. Við leggjum til að ráðinn verði iðjuþjálfari til fjöliðjunnar í Borgarnesi sem hafi einnig umsjón með AMS (atvinnu með stuðningi) og umsjón með örorkuvinnusamningum.

Við teljum að auk iðjuþjálfara sé nægilegt að hafa tvo starfsmenn í fullu starfi (annar í Fjöliðju og hinn í Hæfingu). Að auki verði sumarstarfsmaður ráðinn í Fjöliðju.

Lagt er til að skil milli vinnustaðar og hæfingar minnki þannig að starfsmenn geti flakkað meira á milli.

#### 4. Fjölskyldusvið í ráðhúsi

Lagt er til að þjónusta við fatlaða verði að fullu samhæfð annarri þjónustu fjölskyldusviðs.

Starfsmenn á skrifstofu:

Félagsmálastjóri (100%) – við hans starf bætist umsjón með málefnum fatlaðra (skv. grein 3.2 í samningi sveitarfélaganna). Við áætlum það starf vera 30 %. Á móti verður að gera ráð fyrir að jafn stór hluti af núverandi störfum færist á aðra.

Félagsráðgjafi (100%) – Verði óbreytt.

Ráðgjöf (þroskajálfi) (40% - 50%) – Starfsmaður í Holti verði ráðinn í þetta starf. Lagt er til að ráðgjafi byrji í þessu starfshlutfalli en það verði hækkað ef þurfa þykir. Fyrst þarf að koma í ljós hver þörfin fyrir þjónustuna er.

Ráðgjöf (sérkennsla) (40%) – Það er umdeilt hvort þörf sé á sérkennsluráðgjafa í Ráðhúsi. Starf núverandi sérkennsluráðgjafa er að stórum hluta þjónusta við börn með fötlun.

Sálfræðingur (100 % -> 120% - 170%) Nú starfar skólasálfræðingur hjá sveitarfélaginu, en leita hefur þurft annað eftir sálfræðiráðgjöf í barnaverndarmálum. Við teljum þörf á að ráða sálfræðing með menntun og reynslu sem hentar vegna málefna fatlaðra og barnaverndarmála. Við leggjum til að ráðið verði í 70% stöðu sálfræðings við félagsþjónustuna (35% þjónusta við fatlaða, 25% yfirtaka ýmissa verkefna vegna aukins álags á félagsmálastjóra, 10% í stað aðkeyptrar vinnu). Hópnunum tókst ekki að ná tali af skólasálfræðingi né fá frá honum svör um það hvernig hann sæi aðkomu sína að þjónustu við fatlaða eftir flutninginn til sveitarfélaganna. Okkur er því ómögulegt að leggja mat á hvort um samlegðaráhrif er að ræða. Okkur er heldur ekki ljóst hvort skólasálfræðingurinn treystir sér til að taka meiri ábyrgð á þjónustu við fatlaða en nú er.

Talmeinafræðingur (40 %) Hópnunum tókst ekki að ná tala af talmeinafræðingi sveitarfélagsins. Stutt er síðan aftur var ráðinn talmeinafræðingur til sveitarfélagsins og því er þörfin á þjónustu hans mikil núna vegna uppsafnaðs vanda. Við teljum þó þetta stöðuhlutfall nægja að jafnaði til að sinna málaflokknum (leik- og grunnskólar og málefni fatlaðra).

## Er og var

Lagt er til að í hóp sérfræðinga fjölskyldusviðs verði bætt hálfu stöðugildi þroskþjálfá og sú staða verði boðin núverandi forstöðukonu skammtímavistunar. Einnig er talin þörf á sálfræðingi í 0,7 stöðugildi en vera má að þörfin sé ekki svo mikil, ef unnt reynist að skipuleggja störf sálfræðinga þannig að tími þeirra nýtist betur. Þessu til viðbótar er lagt til að bæta við allt að heilli stöðu iðjuþjálfá. Hér er í raun um að ræða tillögu um að nýta menntun forstöðukonu búsetuúrræðis betur og styrkja þannig Fjöliðjuna faglega. Hver kostnaður við þá breytingu verður, fer eftir því hvaða leið verður fyrir valinu. Verði hún ráðin í fullt starf iðjuþjálfá, má gera ráð fyrir að a.m.k. helmingur þess verði viðbót við útgjöld sveitarfélagsins.

	er	Verður
Félagsmálastjóri	100 %	100 %
Félagsráðgjafi	100 %	100 %
Ráðgjöf (sérk., þroskþj.)	40 %	80 – 100 % *
Sálfræðingur	100 %	120 – 170 %
Talmeinafræðingur	40 %	40 %
Iðjuþjálfá	0 %	100 % ~

\*breyting á starfi og þ.a.l. ekki endilega viðbót.

~ tilfærsta í starfi. 50 % viðbót þegar breyting verður.

## Til athugunar:

- ✓ *Gengið er út frá því að enginn lækki í launum sem ráðinn er frá ríki til sveitarfélaga og að leitast skuli við að ráða þá starfsmenn sem hafa starfað að þessum málaflokki.*
- ✓ *Þroskahjálp á Vesturlandi er eigandi Holts. Ríkið hefur aldrei greitt leigu fyrir afnot húsnæðisins, en séð um viðhald og rekstur að mestu. Það er eðlilegt að gengið verði frá leigusamningi sem fyrst. Gera má ráð fyrir kostnaði vegna þess.*

## Kostnaðarmat

Á þessu stigi er erfitt að leggja mat á kostnað sveitarfélagsins af þessum breytingum sem og því hversu miklir peningar fylgja verkefninu. Við leggjum til að viðbótar mannaflapörf verði að mestu mætt með þeim starfsmönnum sem fylgja verkefninu inn á launaskrá hjá Borgarbyggð.

Í tilfelli forstöðukonu skammtímavistunar er um það að ræða að við breytingarnar skiptist starf hennar á öll sveitarfélögin, þó okkar hlutur sé stærstur. Við leggjum til að hún verði ráðin í ráðgjafastöðu í stað þeirrar vinnu sem flyst til annarra sveitarfélaga. – Líklegur kostnaður 3 milj.kr.

Í starf iðjuþjálfna sjáum við fyrir okkur núverandi forstöðukonu búsetuþjónustu. Að hennar sögn fer starfsálag á hana ört minnkandi um þessar mundir, en taka þarf ákvörðun um hvort hún veiti búsetuþjónustunni áfram forstöðu, samhliða verkefnum iðjuþjálfna. Hennar afstaða er sú að það sé almennt betra að forstöðumaður sinni vöktum samhliða forstöðustarfinu, en að hafa einhvern utan úr bæ sem forstöðumann. – Líklegur kostnaður er lítill ef starf iðjuþjálfna mætir eingöngu minnkuðu álagi í búsetuþjónustunni, en gæti orðið allt að 6 milj. ef ráðinn er iðjuþjálfni í fullt starf án þess að sparað sé annarsstaðar á móti.

70% starf sálfræðings er að hálfu hugsað sem ráðgjafastarf í þjónustu við fatlaða og að hálfu til að mæta auknu álagi á félagsmálastjóra vegna umsjónar með þessum málaflokki. Að auk kæmi þessi sérfræðingur til með að sinna sálfræðiþjónustu sem til þessa hefur verið keypt utan að. Við höfðum ekki forsendur til að áætla samlegðaráhrif í sálfræðiþjónustu en sveitarfélagið verður að íhuga hvort þau séu ekki til staðar og hvort ástæða er til að hafa samtímis skólasálfræðing í fullu starfi og sálfræðing í 70% starfi í félagsþjónustunni. – Líklegur kostnaður 1,5 – 5 milj.kr.

<b>Starf</b>	<b>Laun (og launatengd gjöld)</b>
Sálfræðingur (20 %)	1.500.000 kr.
Sálfræðingur (70%)	5.100.000 kr.
Ráðgjafi (50 %) *	3.000.000 kr.

\*starfsmaður er forstöðumaður. Okkur er ekki kunnugt um launataxta viðkomandi. Vera má að þessi launagreiðsla sé sambærileg 50 % launa viðkomandi.

Um leið og skýrast fer hversu mikla peninga sveitarfélagið fær með verkefninu, þarf að vinna ítarlegt kostnaðarmat fyrir verkefnið í heild.

### **Lokaorð**

Samþætting þjónustu og betri nýting er það sem gildir. Fjármagn sparast með góðu skipulagi og meiri samvinnu allra sem að málum koma. Það að öll þjónusta í þessum málaflokki verði á einum stað gerir þjónustuna notendavænni og skilvirkari.